


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Lita- og formfræði LIF102 Kennsluáætlun vorönn 2012</b>	

<b>Kennari</b> Hjördís Stefánsdóttir	<b>Sk.st.</b> HJÖ	<b>Netfang</b> hs@vma.is
--------------------------------------	-------------------	--------------------------

### Áfangalýsing:


Áfanginn skiptist í grófum dráttum í tvennt. Annars vegar læra nemendur um grunnatriði í litafræði og hins vegar er fjallað um helstu stíltímabil með áherslu á þróunina eftir iðnbyltinguna.

Farið er yfir þróun innanhússhönnunar og lögð áhersla á að nemendur tileinki sér algengustu hugtök sem notuð eru í hönnun og fái innsýn í hefðbundið hönnunarferli. Mikilvægt er að nemendur öðlist sýn á mikilvægi hönnunar og þess að skoða hluti í víðara sögulegu og fagurfræðilegu samhengi. Kennsla fer fram með fyrirlestrum og verkefnum.

### Markmið:

Að nemandi:

- þekki samspil línu, lögunar, hlutfalls, mynsturs og áferðar í híbýlahönnun
- geti metið afstöðu hluta og stærðarhlutföll m.a. með tilliti til jafnvægis og þunga
- geti túlkað hugmyndir með einföldum línunum í mynd
- geti túlkað hugmyndir með beitingu einfaldra forma í mynd
- þekki klassísk fegurðarlögmál og notkun þeirra í híbýlahönnun
- þekki grunnatriði litafræði og geti notað á meðvitaðan hátt
- þekki forsendur litablöndunar
- kunni að beita litum til að ná fram mismunandi áhrifum
- hafi innsýn í notkun mismunandi efna til að ná fram ólíkum áhrifum og áferð í tengslum við litameðferð
- þekki hugmyndaúrvinnslu með skissu- og líkanagerð
- geri sér grein fyrir stöðugu endurmati á hönnunarhugmyndum
- geti skipulagt einfalt innirými fyrir ákveðna notkun
- geti gert rýmisteikningu af einföldum híbýlum
- geti skipulagt einfalt innirými fyrir ákveðna notkun í rými
- geti safnað hugmyndum að rýmishönnun á margvíslegan hátt
- kunni að setja fram hugmynd að útfærslu og geti kynnt fyrir öðrum
- kunni skil á helstu stíltímabilum á Vesturlöndum frá tímum iðnbyltingarinnar
- fái innsýn í menningarlega og hugarfarslega þróun eins og hún endurspeglast í híbýlum manna á mismunandi tímum og stöðum
- átti sig á samhengi félagslegra aðstæðna og híbýlahönnunar á hverjum tíma
- læri hvernig staðhættir og tækni hefur áhrif á híbýlahönnun.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Lita- og formfræði LIF102 Kennsluáætlun vorönn 2012</b>	

### Áætlun um yfirferð og verkefni:

1. vika	Skóli hefst.	
2. vika	Kynning.	
3.– 6. vika	Grunnatriði í litafræði skoðuð.	Höfuðlitir. Gráskali. Litahringur. Verkefni unnin í litablöndun.
7.– 8. vika	Litakerfi.	Unnið með N.C.S. litakerfið.
9. vika	Andstæður.	Verkefni unnin.
10. - 11.vika	Form / Áferðir / Áhrif lita.	Verkefni unnin.
12. vika	Innirými / hönnunarhugmyndir.	Verkefni unnin.
13. vika	Stíltímabil / Verkefni lagt fyrir.	Skilad. á verkefninu er 24. apríl.
14.– 15.vika	Páskafrí til 11. Apríl.	
16. vika	Stíltímabil.	Unnið að verkefni um stíltímabil.
17. vika	Upprifjunarverkefni.	Verkefni um stíltímabil skilað.
18. vika	Lokafrágangur.	

### Námsgögn:

Öll námsgögn áfangans eru sett fram í tímum af kennara.

### Innkaup:

Blýantur, strokleður, yddari, 2-3 litlir penslar, blöð fyrir glósur.

### Námsmat og vægi námsþátta:

Þessi áfangi er próflaus, því er mjög mikilvægt að vinna öll verkefni og skila þeim full unnum í lokin.

Öll verkefni sem unnin eru í viku 2 - 12 samkvæmt kennsluáætlun. (Safnmappa).	50%
Verkefni um stíltímabil.	20%
Upprifjunarverkefni í viku 17.	10%
Frammistaða á önn. Vinnusemi / Mætingar / Sjálfstæði í vinnubrögðum / Umgengni.	20%

### Réttur til breytinga áskilinn.

### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils